

VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
13. árg. 1. tbl. 2021

Hvernig einstaklingar
og fyrirtæki geta
bætt aðgengi

Lífið með
leiðsöguhundi


Leiðbeiningar
varðandi
leiðsöguhunda

Ég ætlaði ekki að líta eitthvað
svart á lífið

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir í viðtali



Er maginnn í steik?



Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hylki sem innihalda 20 mg af virka efninu Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtíameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.**

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva

... OG HVAÐ SVO?

Ávarp formanns - Sigpór Hallfreðsson

Nú þegar við erum farin að sjá til lands í baráttunni við heimsfaraldur af völdum kórónuveirunnar er ýmislegt sem sækir á hugann. Vissulega hefur þetta verið eins og löng og erfið óvissuferð í ólgusjó. Þegar þetta er skrifað erum við hér á landi í góðum málum, við erum í vari eins og er og siglum hægan sjó í áttina til lands. En staðan getur breyst á örskömmum tíma. Þessu er ekki lokið enn þótt samstaða um sóttvarnir og bólusetning boði örugga höfn.

Á meðan við vonum öll að allt gangi vel úr þessu veltir maður fyrir sér hvað á dagana hefur drifið í þessari ströngu sjóferð og hvað tekur við að henni lokinni.

Allir hafa beint eða óbeint orðið fyrir áhrifum af heimsfaraldrinum og á einhverjum stigum fundið fyrir kvíða, einangrun, pirringi og ótta. Margir hafa veikt, flestir sem betur fer lítið og hafa náð sér vel en ekki allir og margir glíma við eftirköstin. Einhverjir höfðu það ekki af og mörg okkar hafa upplifað missi og sorg.

En í stóra samhenginu hefur meginþorri fólks haft það bærilegt og sloppið vel þrátt fyrir áskoranir og breyttar forsendur í daglegu lífi. Ekki skal þó gert lítið úr erfiðleikum og hugarangri atvinnurekenda sem misst hafa rekstrargrundvöllinn undan fyrirtækjum sínum og þeirra sem misst hafa atvinnuna í kjölfar faraldursins. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda hafa, svo langt sem þær ná, mildað höggið og vonandi fleyta þær sem flestum yfir þetta erfiða tímabil.

Þegar hriktir í stöðum samfélagsins, eins og gerst hefur í heimsfaraldrinum, verður þannig til hópur sem verður fyrir skakkaföllum og upplifir sig jaðarsettan. Þá er hættan sú að þeir sem fyrir voru á jaðrinum færist enn utar á sjónarröndina. Meginmunurinn er að fyrri hópurinn er í tímabundnu ástandi, sem vonir standa til að lagist fljótlega, en sá síðari er líklegri til að vera varanlega jaðarsettur.



Stóri lærdómurinn undanfarið ár sýnist mér vera að þegar stjórnvöld bregðast við af yfirvegun og festu með staðreyndir að leiðarljósi og nálgast viðfangsefnið af auðmýkt, eins og þríeykið okkar góða hefur kennt okkur, þá eflist samtakamátturinn og okkur gengur vel.

Því leitar á hugann hvort reynslan af tímanum í heimsfaraldri verði til þess að breyta viðhorfum og viðbrögðum samfélagsins á jákvæðan hátt gagnvart jaðarsettum hópum.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður fyrir Íslands hönd 30. mars 2007 og fullgiltur 23. september 2016. Það tók sem sagt nærri áratug að fullgilda samninginn og enn á Alþingi eftir að lögfesta hann. Það yrði mikilvægt skref til að tryggja að allir njóti jafnra tækifæra til að öðlast lífsgæði á grundvelli eigin getu og njóta þannig þeirra réttinda og skyldna sem íslenskt samfélag vill bjóða þegnum sínum upp á.

Hér er aðeins eitt dæmi af mörgum um það hvernig við getum bætt stöðu jaðarsettra hópa til frambúðar. Samtakamátturinn er öflugt hreyfiafl og reynslan undanfarið ár hefur sýnt okkur hvað við getum áorkað miklu saman þegar við leggjumst öll á árarnar eins og samhent áhöfn.

REYNSLA



Lífið með leiðsöguhundi
bls. 4.

NÝ HÖNNUN



Aðgengilegt þungunarpróf
bls. 10.

ÁBENDING



Hegðunarreglur í kringum
leiðsöguhunda bls. 16.

AÐGENGI



Aðgengi í víðara samhengi
bls. 6.

RETINA-RISK



App sem spáir fyrir um framtíðina
bls. 12.

SAMSTARF



Be My Eyes í samstarfi við
Blindrafélagið bls. 18.

ÁSDÍS



Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir í viðtali
bls. 20.

MATARHORN



Rósa Ragnars kynnir okkur fyrir
steiktum hrísgrjónum bls. 26.

NÝTT APP



Nýtt app til að spila með
bls. 28.

FÓTBOLTI



Fótbolti fyrir blinda og sjónskerta
bls. 32.

Viðsjá. Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 13. árg. 1. tbl. 2021.

Útgefandi: Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Ábyrgðarmaður: Sigþór U. Hallfreðsson.

Ritnefnd: Baldur Snær Sigurðsson, Eypór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigþór U. Hallfreðsson.

Ritstjóri: Friðrik Steinn Friðriksson.

Greinahöfundar: Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson og Rósa Ragnarsdóttir.

Ljósmyndir: Anna Karen Skúladóttir, Ólöf Gyða Risten, Friðrik Steinn Friðriksson o.fl.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.





LÍFIÐ MEÐ LEIÐSÖGUHUNDI

Víðsjá ræddi við Svein Lúðvík Björnsson um fyrstu mánuði hans með leiðsöguhund

Hefur þú verið með leiðsöguhund áður?

Nei, ég hef ekki verið með leiðsöguhund áður en ég hef verið með labrador-hund í 15 ár sem var orðinn að einhverju leyti leiðsöguhundur því að hún var búin að átta sig á því að það var ekki mikið á karlinn að treysta þegar það var orðið skuggsýnt.

úti í Svíþjóð hjá fyrstu fjölskyldunni. Ég ákvað að halda því sem einhvers konar virðingarvotti við þau. Þetta er líka fallegt nafn sem hentar henni mjög vel. Hún er sannarlega drottning norðursins.

Hvenær fékkstu leiðsöguhundinn?

Það var í lok nóvember sem hundurinn var afhentur.

Hvað heitir leiðsöguhundurinn?

Hún heitir Sanza, það er nafnið sem hún fékk

Hvernig hafa fyrstu mánuðirnir verið hjá ykkur?

Mér finnst þetta hafa gengið mjög vel. Það er vissulega Covid og það hefur breytt mörgu. Hún hefur t.d. ekki farið mikið á tónlistaræfingar eða í tónlistarsali. Hún hefur þó farið í æfingarferðir með mér. Við höfum gengið í vinnustofuna mína og hún hefur fengið

að kynnast henni. Ég tel að Björk, þjálfarinn okkar, sé nokkuð sammála.

Manstu einhverja skemmtilega reynslusögu?

Við höfum í það minnsta ekki lent í neinum leiðindum. Við erum það óárennileg að fólk vill ekki abbast upp á okkur.

Hvernig hundur er Sanza?

Hún er mjög eftirtektarsöm og fljót að átta sig á aðstæðum. Mér fannst mjög vænt um það að finna hversu ákveðin í leiðsögunni hún verður þegar ég er sjálfur óöruggur. Þegar sólin er lágt á lofti eins og núna verð enn þá blindari og þá finn ég að við erum teymi.

Kom það þér á óvart hversu mikið er hægt að treysta hundinum?

Í raun ekki. Ég hafði upplifað það með Trýnu, gamla hundinum mínum, og eftir leiðsöguhundanámskeiðið hafði ég þær væntingar að ég gæti treyst henni. Svo þegar ég var kominn með hana fann ég það einfaldlega. Ég er hættur að reyna að sjá eitthvað, ég læt hana bara um það. Það tekur mikla orku að ganga eitthvað því að maður þarf að hafa svo mikið fyrir því að halda athygli. Núna get ég þannig leyft mér að vera alveg slakur og látið hana stjórna.

Svo þegar ég set hana í flexi-taum þá er hún bara voffi og kjáni, hagar sér eins og venjulegur hundur. Mér finnst hún samt skemmta sér best þegar hún er í taumnum og í vinnunni. Þá nýtur hún sín best.



Myndir þú mæla með leiðsöguhundi?

Ef fólk er komið á það stig að velja því fyrir sér er orðið tímabært að ganga aðeins lengra og fara á námskeiðið. Þá er ráð að setja sig á lista og fara að undirbúa sig fyrir að taka á móti leiðsöguhundi. Þetta er algjör björgun. Ég er mikill göngugarpur en ég fann að ég var byrjaður að draga mig inn í skel, minnka rápið, ganga hingað og þangað. Ég fór eiginlega gangandi allra minna erinda. Núna er þetta að koma aftur, ég finn að þetta gefur mér mikið frelsi. Ef einhver er velja þessu fyrir sér á hann að ganga alla leið.

-HPA





AÐGENGI Í VÍÐARA SAMHENG

Þegar kemur að aðgengismálum er venjan að einblína á ákveðna hópa fólks og hvernig við þurfum að mæta þeirra þörfum. Það er vissulega nauðsynlegur hluti ferlisins að greina mismunandi þarfir einstaklinga þannig að sú vara eða þjónusta sem við bjóðum upp á geti talist aðgengileg öllum, en er það ekki einmitt það sem áherslan á að vera á? Í mínu starfi verð ég gjarnan var við viðhorf líkt og „blindir þurfa að geta notað vefsíðuna okkar“. Ekki misskilja mig, mér finnst alltaf frábært þegar vilji er sýndur til að gera vel í aðgengismálum, enda er það sjálfsagt og sú ætti raunin alltaf að vera. Mér finnst þó fállegri hugsun að lausnir

séu hugsaðar „fyrir alla“ frekar en „fyrir alla og líka blinda og sjónskerta“. Athugið að þarna er ég einungis að tala um hvernig við meðhöndlum hugtakið aðgengi og hugsum um það. Leyfið mér að útskýra nánar.

Að mínu mati ætti stóra hugmyndin að vera að sú lausn sem við vinnum að, sama hvort það er vara, þjónusta, vefsíða, eyðublað eða eitthvað annað, á að vera aðgengileg fyrir alla. Við mismunum engum og allir eru velkomnir! Þá er fallega, stóra verkefnið okkar komið með tilgang og stóru línurnar orðnar skýrar. Við vitum öll til hvers er ætlast og þá er bara að



hefjast handa og brjóta verkefnið niður í smærri einingar. Þar þurfum við vissulega að líta á mismunandi hópa, þarfagreina hvern og einn, finna mögulegar lausnir, gera notendaprófanir o.s.frv. Þá kemur hugsunin sem ég nefndi áðan um að „blindir þurfa að geta notað vefsíðuna okkar“ eðlilega til sögunnar en í þetta sinn sem undirverkefni í stóru, fallegu hugsjóninni okkar að allir séu velkomnir.

Á undanförnum árum höfum við hjá Blindrafélaginu fundið fyrir því að fólk er mun meðvitaðra um mikilvægi góðs aðgengis og er það af hinu góða. Við vitum þó einnig að góðum vilja er ekki alltaf fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum. Fram undan eru stórar áskoranir sem felast meðal annars í því að fylgja eftir vinnu síðustu ára og þeim aukna áhuga sem aðgengismálin hafa fengið, því að öll viljum við hafa okkar mál á þurru landi þegar kemur að aðgengi. En hvernig gerum við það?

Fyrir það fyrsta þurfum við að vera meðvituð um að aðgengi er ekki áfangastaður heldur ferðalag. Það þarf að innleiða áherslur á aðgengi í alla ferla, einhver þarf að vera ábyrgur fyrir því að aðgengismálum sé sinnt og einnig þarf öllum að vera ljóst hver skal laga það sem út af bregður, hvenær það skal gert og með hvaða hætti. Ef við tökum vefsíðu sem dæmi þá geta aðgengismálin verið í góðu

lagi á mánudegi en með innsetningu á nýju efni og öðrum breytingum getur staðan verið orðin allt önnur nokkrum dögum síðar. Þannig þarf almenn kunnátta á aðgengismálum helst að vera til staðar og einnig þarf ávallt að vera einhver innanhúss sem hefur einhverja sérfræðipækkingu í þessum málum. Einnig er mikilvægt að aðgengismál séu í hávegum höfð innan veggja fyrirtækja og stofnana vilji þau gera vel í þeim málum, auk þess sem hægt er að innleiða þau í fyrirtækjamenninguna.

Aðgengi er mjög vítt hugtak og þar er ekki einungis verið að taka á litavali, stórum texta eða merkingum á hnöppum fyrir skjálestur. Uppsetning og skipulag hefur einnig mikið að segja. Vefsíða með gott skipulag, vel skilgreinda valmynd og skýra uppsetningu gerir fólki almennt auðveldara að verða sér úti um upplýsingar og ferðast innan síðunnar og samhliða því má ætla að síðan verði aðgengilegri fyrir vikið. Þannig ber að hafa upplifun og ásetning notanda að leiðarljósi þegar kemur að aðgengismálum og þar koma notendaprófanir að gagni. Ef fólki er gert að fara flóknar og langar krókaleiðir til að framkvæma einfaldar aðgerðir er strax búið að torvelða aðgengið.

Að lokum vil ég benda á þá staðreynd að einn af hverjum fimm einstaklingum býr við einhvers



konar skerðingu. Við erum því að tala um mjög fjölmennan hóp sem þarf á því að halda að aðgengismálin séu í lagi og margir geta hreinlega ekki athafnað sig án þessa aðgengis. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar allra að allir geti tekið jafnan þátt í samfélaginu og það er með öllu ólíkandi að ætla sér að útiloka 20% fólks, sama hvaða ástæður kunna að liggja þar að baki.

Fjöldi lausna er í boði til að ná fram og viðhalda góðu aðgengi og eru margar þeirra lausna ókeypis þar að auki. Fjöldi námskeiða, forrita, fyrirlestra, greina og Youtube-myndbanda stendur til boða öllum þeim sem áhuga hafa

og ég vil því hvetja fólk til að kynna sér málin og hugsa um hvernig það getur bætt sín eigin vinnubrögð og breitt út boðskapinn til annarra.

Hjá Blindrafélaginu starfa sérfræðingar í aðgengismálum sem geta aðstoðað við ýmis mál og veitt frekari upplýsingar, auk þess sem við getum heimsótt fyrirtæki og stofnanir með fyrirlestra og umræður um aðgengismál. Hægt er að hafa samband við skrifstofu Blindrafélagsins í síma 525 0000 eða á netfangið adgengi@blind.is.

Hlynur Þór Agnarsson
Aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins
hlynur@blind.is

EBU ACCESS CAST

EBU Access Cast er reglulegur hlaðvarpsþáttur sem framleiddur er af European Blind Union og hóf göngu sína í maí 2018. Alls hafa verið framleiddir 28 þættir. Í þessum þáttum er fjallað um aðgengis- og tæknimál fyrir blinda og sjónskerta.

Í desember síðastliðnum bættist Hlynur Þór Agnarsson, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins, í hóp umsjónarmanna hlaðvarpsins og hefur hann tekið þátt í síðustu tveimur þáttum.

Hægt er að finna hlaðvarpið á öllum helstu hlaðvarpsveitum

Við erum á Facebook og Instagram /Augljós



LASER AUGNAÐGERÐIR

Verið velkomin í forskoðun
Tímá pantanir eru í síma 414 7000




AUGLJÓS

LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Alfreimar 74 • 104 Reykjavík
Sími 414 7000 • augljós@augljós.is • www.augljós.is

Minningar í myndum



Með því að færa gömlu ljósmyndirnar yfir í stafrænt form er hægt að leyfa fleirum að njóta þeirra skemmtilegu minninga sem í þeim felast.

Nú er hægt að draga fram öll gömlu albúmin og fá myndirnar skannaðar inn fyrir hagstætt verð.

Hjá Blindravinnustofunni, þar sem starfa 30 fatlaðir einstaklingar, hefur verið komið upp aðstöðu sem gerir sjónskertum starfsmönnum vinnustofunnar fært að skanna inn ljósmyndir.

Verð er mjög hagstætt, eða frá 22 krónum á mynd.



Upplýsingar í síma 525-0000 og sala@blind.is



AÐGENGILEGT ÞUNGUNARPRÓF

Það að taka þungunarpróf er athöfn sem krefst alla jafna næðis og ákveðins persónurýmis en fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga getur það verið örlítið flóknara.

Þar sem niðurstaða prófsins er einungis sjónræn neyðist einstaklingurinn til að leita sér hjálpar til að vita niðurstöðuna. Royal National Institute of Blind People (RNIB) kynnti nýverið frumgerð af þungunarprófi sem er aðgengilegt sjónskertum.

Í breskri auglýsingu um þungunarpróf frá 1971 er slagorðið „Sérhver kona hefur rétt á að vita hvort hún sé barnshafandi eða ekki“ en svo er ekki með með blinda og sjónskerta. Þau eru neydd til að leita sér aðstoðar. Það er það sem RNIB lagði upp með að breyta.

„Þetta er eitt mikilvægasta augnablikið í lífi hvers og eins og það er gert erfiðara með því að hafa prófið ekki aðgengilegt,“ segir vöruhönnuðurinn Josh Wasserman sem bjó til aðgengilega prófið. Við hönnun vörunnar voru mörg viðtöl tekin við sjónskertar konur og þær beðnar um að lýsa upplifun sinni.

Í þessum viðtölum komu ýmis önnur vandamál í ljós, svo sem að leiðbeidingarnar væru með of smáu lettri, efnið sem nemur þvagið væri of lítið o.fl. Margar konur voru einfaldlega ekki vissar um hvort þær hefðu náð að pissa á réttan stað. Eitt par segist hafa þurft að spyrja nágranna sinn um niðurstöðuna.

Wasserman hannaði því próf sem var stærra, þykkara, í skærari litum og með upphleyptum tökkum sem gefa til kynna á hvora hliðina skuli pissa. Svo er rúsinan í pylsuendanum að áþreifanlegir hlutir lyftast upp ef prófið er jákvætt.

Með þessu verkefni vonast hönnuðir þess til að veita sjónskertum einstaklingum frelsi og næði til að upplifa hlut sem mun hafa stórkostlegar breytingar í för með sér.

-FSF



KRILL WORLD



**Krílin hennar Línu
Rutar fást í verslun
Blindrafélagsins,
Hamrahlíð 17**



RETINARISK

Viðsjá fékk til sín Ægi Þór Steinarsson, vörustjóra RetinaRisk, en þau hafa verið í fréttum vegna apps þeirra sem metur líkur á sjónskerðingu vegna sykursýki.

Appið hefur verið í dreifingu síðan í lok árs 2019 svo það er ekki glænýtt en undanfarna sex mánuði hefur komist skriður á dreifingu og umfjöllun samkvæmt þeim samtölum sem við höfum átt við heilbrigðisstofnanir bæði hér og úti.

Hvaðan kemur hugmyndin?

Hugmyndin kemur frá þrem aðilum, Einari Stefánssyni, augnlækni, sem starfaði lengi á Landspítalanum, Örne Guðmundsdóttur,

innkirtlalækni sem starfar á göngudeild sykursýki á Landspítalanum, og manningum hennar, Thor Aspelund, líftölfræðingi, sem hefur verið töluvert í fjölmiðlum vegna Covid-19. Einar og Arna sáu að þau fengu marga heilbrigða sjúklinga til sín, fólk sem þurfti ekki hjálp eða umönnun. Samt sem áður þurfti að fylgjast með þessu fólki, fá það inn og skima það.

Einar sá í sínu starfi sem augnlæknir að hann var að skima mikinn fjölda fólks sem átti ekki



við nein vandamál að stríða. Það var byrjunin og þau spurðu: Hvernig er hægt að minnka þessa óskilvirkni? Þegar þessu kerfi er lýst virðist það vera óskilvirkt en það heldur samt vel utan um allan sjúklingahópinn og heldur fólki heilbrigðu.

Við getum ekki gleymt því að við á Vesturlöndum, sérstaklega á Íslandi, eigum við einstakt skimunarkerfi. Þessi eina skimun á ári er alls ekki venjuleg fyrir meirihluta heimsins. Þetta er líka gríðarlega öruggt. Við sem höfum búið við þetta kerfi lengi getum leyft okkur að hugsa lengra. Við getum sagt að við séum með þetta kerfi og spurt: Hvernig er hægt að gera það enn þá betra? Það er grunnurinn að þessari hugsun með RetinaRisk.

Ísland er sögulega brautryðjandi í augnheilsu og augnskimun. Ísland var eitt af fyrstu löndunum, ef ekki það fyrsta, sem tók upp árlega skimun sem meðferðarstaðal fyrir fólk með sykursýki. Við höfum flutt út þessa þekkingu. Einar var líka ráðgjafi fyrir NHS í Englandi þegar þau ákváðu að taka þessa skimunarferla í notkun.

Hugsun appsins er þó hvernig hægt sé að gera þetta skilvirkara því að það þarf að skima yfir 90 manns til að finna þessa örfáu sem þurfa meðferð. Hvert er þá næsta skref? Jú, það er að horfa á aðra áhættuþætti sem eiga þátt í þróun alvarlegra augnbotnabreytinga. Það er það sem Einar, Arna og Thor réðust í árið 2009, að búa til þennan áhættureikni sem ber nafnið RetinaRisk, horfa á hvernig þessi mál þróast og hvernig er hægt að skyggjast inn í framtíðina.

Hvernig getum við tekið manneskju í dag og sagt við hana: Þú ert í mikilli áhættu að þróa með þér alvarlega augnbotnabreytingu á næstu 12 mánuðum byggt á ákveðnum áhættuþáttum sem eru tegund sykursýki, kyn, hve

lengi viðkomandi hefur verið með sykursýki, hvort viðkomandi hafi greinst með mildar augnbotnabreytingar sem þarf ekki meðferð við, dagleg blóðsykursstjórn og blóðþrýstingur. Þegar við vitum um þessa sex áhættuþætti getum við sagt með mikilli nákvæmni hvort viðkomandi er í hættu. Þá getum við sagt heilbrigðiskerfinu að það þurfi að fylgjast með þessum aðila og hann þarf á því að halda á meðan hin 90 þurfa ekki á því að halda núna. Það gæti þó vissulega breyst.


Þá er hægt að nota þann tíma sem verður frír til að hjálpa þeim sem á þurfa að halda.

Stendur til að útvíkka reikninn fyrir öðrum sjúkdómum?

Já, algjörlega. Það var hugsunin frá byrjun fyrirtækisins. Það er stofnað undir nafninu Risk Medical Solutions og er byggt á því að þessi forvirka nálgun eigi við um aðra þætti, aðra fylgikvilla sykursýki en það er ekki hægt að svara hvort við munum skoða aðra augnkvilla.

Upphaflega hugsunin var sú að yfirfæra þekkinguna á aðra sjúkdóma og það eru til aðrir áhættureiknar sem eru notaðir hérna heima eins og t.d. áhættureiknir Hjartaverndar, þar sem maður getur séð líkurnar á hjartavandamálum

AUGNSKOÐUN | AUGNLÆKNINGAR | AUGNÞURRUR | LASERAÐGERÐIR | AUGNSTEINASKIPTI



ER MOÐA Á GLERINU?

UPPLIFÐU FRELSID MEÐ BERUM AUGUM

Þú getur pantað tíma í forskoðun í síma 577 1001, sent okkur póst á ritari@sjonlag.is eða á www.sjonlag.is
Sjáum hvernig við getum gert líf þitt betra.

Sveigjanlegir greiðslumöguleikar


sjónlag
SJÁÐU BETUR

www.sjonlag.is
577 1001

Glæsibær – Álfheimar 74 - 104 Reykjavík

í framtíðinni. Almennt séð er þessi forvirka hugsun þó ekki allsráðandi en það er bara hluti af þróun og þroska kerfis.

Hvernig virkar reiknirinn?

Hann er í byggður á faraldsfræðilegum rannsóknum. Hann er tölfræðilegur reiknir sem tekur inn það sem kemur frá augndeildinni. Það þarf að skoða hvort viðkomandi sé með RP eða ekki, ef svo er þarf að skoða hvort hann er með lægra eða efra stig RP. Reiknirinn vinnur í raun eftir svarinu já eða nei RP og skoðar svo töluleg gildi plús kyn, tegund sykursýki, glúkosa og blóðþrýsting og tíma með sykursýki. Sá tími er mjög stór breyta í líkaninu. Þetta er sjúkdómur sem ágerist yfir tíma.

Á hvaða sínum virkar þetta?

Þetta á að virka á öllum snjallsínum.

Hvert er vöruframboðið hjá ykkur?

Við erum með appið fyrir almenna notendur en hugmyndin í byrjun var að þróa sjúkrahúskerfi, kerfi sem er notað af fagaðilum, en árið 2017 var ákveðið að færa þessa þekkingu í hendur notenda.

Besta stjórnun á sykursýki er að hafa bestu upplýsingar til staðar. Með þróun snjalltækja og annarrar tækni erum við orðin mjög upplýst og við tökum miklu meiri þátt í heilsuvegferð okkar. Við viljum sjá framtíð þar sem lækna og sjúklingar eiga samtöl sem eru meira á jafningagrundvelli.

Það þýðir öllum ef sjúklingurinn kemur inn og er með aðgang að sínum upplýsingum og hefur getu til að túlka þær. Það er það sem við reynum með appinu. Maður getur verið í hárrí áhættu en það gæti verið vegna eins þáttar, t.d. blóðþrýstings. Þá er málið að lækka hann og viðkomandi er í betri málum.

Svo erum við með þessa stóru miðlægu

tölvulausn fyrir sjúkrahús þar sem það er tengt inn í sjúkraskrárkerfið og reiknar heilu sjúklingahópana af ótakmarkaðri stærð. Við gætum séð að 5,7% af þeim eru í mikilli áhættu og 15% í miðáhættu. Þá getum við beint athyglinni að réttu fólki.

Ef það þarf að skima 100.000 manns á ári en við erum ekki með röðina sem þarf að skima í eru í þeim hópi einstaklingar sem eru í mikilli áhættu og þurfa að bíða í 10 mánuði eftir skimun en ættu í raun að koma á morgun. Það er engin leið að vita það nema að gera reikninn inn í kerfið.

Mun þetta koma til Íslands?

Já, Landspítalinn er að taka þetta í notkun núna. Við erum að vinna að uppsetningu þar. Það mun þá styðja við að stýra þeirri augnskimun. Í staðinn fyrir að allir séu skimaðir einu sinni á ári getur þessi heilbrigði verið einungis skimaður á tveggja ára fresti en sá sem er í hærri áhættuhóp þarf kannski að vera skimaður tvisvar á ári.

Hvað viljið þið að gerist í framtíðinni?

Í mörgum löndum, t.d. á Indlandi, erum við að keyra tvær vísindarannsóknir og erum í viðræðum við sjúkrahús um að taka í notkun reikninn okkar. Þar eru um 70 milljónir manna með sykursýki og það er hreinlega ógerlegt fyrir heilbrigðisþjónustu af þessari stærðargráðu að taka í notkun lausnir sem byggjast á mikilli óskilvirkni eins og að skima alla einu sinni á ári.

Það verður að taka stökkið á nýrri skilvirkari lausnir. Kostnaðurinn minnkar líka. Við vorum með rannsókn í Noregi og heimsóknir þar helminguðust en ekki á kostnað öryggis. Ef eitthvað var þá var klínísk á öryggið þeirra meira.

-FSF



HEGÐUNARREGLUR Í KRINGUM LEIÐSÖGUHUNDA

Hæ, ég heiti Nova og ég er leiðsöguhundur. Það þýðir að ég hjálpa eiganda mínum sem er sjónskertur eða blindur við að komast á milli staða. Þegar þið mætið mér er gott að hafa þessar reglur í huga:

Þegar ég er með beislið á mér þá er ég að vinna og þá má hvorki KLAPPA, TALA né ná AUGNSAMBANDI við mig.

Ef þú ert með hund og mætir mér skaltu passa að þið komið ekki of nálægt. Láttu eiganda minn vita að þú sért til staðar og að þú sért með hund.

Ef ég er ekki í beislinu skaltu spyrja eiganda

minn fyrst hvort það sé í lagi áður en þú leyfir hundinum þínum að heilsa mér.


Ekki gefa mér nammi, það má bara eigandi minn gera.

Ef þú vilt láta mig vita um hættu framundan skaltu láta eiganda minn vita.

Ef ég er ekki í vinnubeislinu máttu gjarnan spyrja eigandann minn um leyfi til að klappa mér.

Með bestu kveðju,
Nova





HVAÐ GETA EINSTAKLINGAR OG FYRIRTÆKI GERT TIL AÐ BÆTA AÐGENGI?

Við þurfum ekki öll að sigra heiminn. Margt smátt gerir eitt stórt og þannig ber okkur að hugsa þegar kemur að aðgengi. Við skulum fyrst og fremst huga að okkar nærumhverfi og þeim verkefnum sem við sjálf vinnum að og standa okkur nærri. Hér koma nokkrar hugmyndir um hluti sem ég tel mikilvæga og ættu allir að geta fundið eitthvað sem þeir geta gert.

Stofnanir og fyrirtæki þurfa að innleiða aðgengi í alla sína vinnuferla og hafa aðgengi til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sem teknar eru. Aðgengismál eiga að vera hluti af fyrirtækjamenningu. Hér koma nokkur dæmi um aðgengi innan stofnana og fyrirtækja:

- Aðgengi hjólastóla, rampar, skábrautir o.s.frv.
- Skýrar og góðar umhverfismerkingar.
- Gæta þess að handrið sé á öllum tröppum og þær merktar með afgerandi lit, þ.e. tröppunef.
- Engar hindranir á gangvegi. Leiðarlínur og áherslusvæði fyrir blinda og sjónskerta.
- Huga að hljóðvist. Er mikill klišúur eða bergmál?
- Hafa þægilega og góða lýsingu.
- Aðgengi að salernum fyrir fatlaða.
- Góðar og skýrar merkingar á

lyftuhnöppum. Talandi lyftur.

- Aðgengileg heimasíða.
- Ekki aðeins huga að aðgengi fyrir viðskiptavinum. Starfsfólk nýtur einnig góðs af góðu aðgengi.
- Þjóða upp á að hafa samband í síma, spjallglugga og tölvupósti eða að koma á staðinn. Sami samskiptamátinn hentar ekki öllum.
- Huga þarf að aðgengi þegar kemur að lausnum á borð við sjálfsafgreiðslukassa, hraðbanka og innskráningarskjái.
- Huga að aðgengi utandyra.
- Vera með augljósar og opnar samskiptaleiðir þar sem almenningur getur komið ábendingum til skila, t.d. varðandi aðgengismál.

Þegar verið er að byggja, breyta eða endurnýja húsnæði skal huga að aðgengismálum



frá upphafi. Kröfur um aðgengi og algilda hönnun má m.a. finna í nágildandi byggingarreglugerð. Einnig þarf við hönnun, breytingu eða skipulagningu á svæði utandyra að huga að aðgengi og má þar nýta sér nýlegar leiðbeiningar úr bæklingnum „Hönnun fyrir alla – algild hönnun utandyra“ sem nálgast má á vef Vegagerðarinnar. Við smíði á nýju vefsvæði eða smáforriti er brýnt að huga að aðgengismálum frá upphafi og í gegnum allt ferlið. Notast skal við WCAG-aðgengisstaðalinn þegar kemur að stafrænu aðgengi, gera notendaprófanir o.s.frv.

Einstaklingar sem vilja láta gott af sér leiða og stuðla að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra geta t.d. sótt smáforritið Be My Eyes og skráð sig sem sjálfboðaliða. Almennungur getur einnig sent ábendingar á sveitarfélög í gegnum heimasíður þeirra, komi þeir auga á eitthvað sem betur má fara, t.d. bilaða ljósastaura, illa farna göngustíga, óaðgengilegar byggingar eða vefsíður o.s.frv. Komum ábendingum áleiðis frekar en að bölvu í hljóði.

Listinn hér að ofan er langt frá því tæmandi og það er fjölmargt sem við sem einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir getum gert, auk ríkis og sveitarfélaga.

Ef þú hefur einhverjar spurningar, vilt óska eftir ráðgjöf eða fá frekari upplýsingar, hvet

ég þig til að hafa samband við okkur hjá Blindrafélaginu í síma 525 0000 eða senda tölvupóst á netfangið adgengi@blind.is.

Vissir þú að:

Blindrafélagið er í samstarfi við ýmis fyrirtæki og er með umboð fyrir ýmsar vörur hérlandis er snúa að aðgengismálum. Við getum veitt ráðgjöf og útvegað lausnir sem stuðla að bættu aðgengi, hvort sem það er í raunheimum eða stafrænum lausnum:

- Umboðsaðili fyrir leiðarlínur og aðrar umhverfismerkingar frá fyrirtækjunum Handi-Friendly frá Tékklandi og Olejár frá Slóvakíu.
- Umboðsaðili ReadSpeaker á Íslandi. Talgervilslausnir á borð við vefþuluna (hlusta-hnappinn) o.fl.
- Samstarfsaðili Siteimprove á Íslandi. Siteimprove býður lausnir sem snúa að því að bæta gæði vefsvæða, allt frá aðgengi upp í leitarvélabestun.
- Umboðsaðili NaviLens á Íslandi. NaviLens er ný og spennandi tækni fyrir merkingar í umhverfi, vörum og í raun hverju sem er.
- Samstarfsaðili Be My Eyes á Íslandi. Með Be My Eyes appinu geta sjáandi einstaklingar aðstoðað blindra og sjónskerta notendur með ýmis hversdagsleg verk með einföldum hætti.

-HAF





BLINDRAFÉLAGIÐ OG BE MY EYES

Blindrafélagið og Be My Eyes hefja samstarf á degi hvíta stafsins

Á degi hvíta stafsins í fyrra, þann 15. október 2020, hóf Blindrafélagið að bjóða upp á nýja tegund þjónustu við blinda og sjónskerta með notkun smáforritsins Be My Eyes. Um spennandi lausn er að ræða og vonast Blindrafélagið til að hún muni koma að góðum notum í framtíðinni.

Be My Eyes hefur frá árinu 2015 stækkað ört og er nú með yfir 100.000 blinda og sjónskerta notendur skráða auk yfir 4.000.000 sjálfbóðaliða. Í grunninn virkar kerfið þannig að blindur eða sjónskertur notandi sem þarf sjónræna aðstoð hringir í sjálfbóðaliða með Be My Eyes appinu. Sjálfbóðaliði sem svarar fær

aðgang að myndavélinni í síma notandans og getur þannig veitt sjónræna aðstoð. Báðir heyrir í hvor öðrum en aðeins sjálfbóðaliðinn sér það sem myndavél notandans sér.

Þau verkefni sem Be My Eyes var í upphafi ætlað að leysa eru hversdagsleg og í raun erfitt fyrir flesta að sjá þau sem möguleg vandamál, enda mjög sjálfsögð verkefni í þeirra huga. Þetta geta verið hlutir á borð við að lesa dagsetningu á mjólkurfernu, greina lit á fatnaði, finna hluti sem detta á gólf, lesa á pakkningar, para saman föt, lesa póst og margt fleira.

Árið 2018 kom Be My Eyes fram með sérsniðna aðstoð (Specialized Help) og gerði þannig





fyrirtækjum kleift að bjóða aðstoð með appinu á sama hátt og sjálfbóðaliðakerfið virkar. Fyrirtæki á borð við Microsoft og Google nýta þessa lausn í dag og opnar það nýjar dyr fyrir blinda og sjónskerta að sækja sér tæknilega ráðgjöf og aðstoð.

Nú geta blindir og sjónskertir hringt á skrifstofu Blindrafélagsins í gegnum Be My Eyes og er þjónustutíminn sá sami og á skrifstofu félagsins. Við vonum að þessi nýja lausn komi að góðum notum, enda um vannýtta auðlind að ræða að mati undirritaðs. Við vinnum nú hörðum höndum að því að þýða appið og ýmislegt efni yfir á íslensku og er það væntanlegt í náinni framtíð.

Á sama tíma og við viljum hvetja félagsmenn okkar til að sækja Be My Eyes appið og nýta sér þessa lausn viljum við einnig hvetja almenning til að gera slíkt hið sama og skrá sig sem sjálfbóðaliða. Rétt er að taka fram að nöfn sjálfbóðaliða og

notenda koma hvergi fram í símtölum og kerfið sér til þess að sjálfbóðaliðar fá ekki símtöl seint á kvöldin, á nóttunni eða eldsnemma morguns.

Frekari upplýsingar um Be My Eyes má nálgast á heimasíðu þeirra, www.bemyeyes.com. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Blindrafélagsins í síma 525 0000 eða á netfangið adgengi@blind.is.

-HPA

Mikið úrval af allskonar

- ☒ Ekkert hveiti
- ☒ Ekkert soyja
- ☒ Enginn sykur
- ☒ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt
Íslensk framleiðsla

Pylsu
meistarinn

– við Laugalæk



ÁSDÍS EVLALÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Ásdís Evlalía var kosin í stjórn Blindrafélagsins á síðasta aðalfundi sem var sögulegur vegna þess að hann var haldinn algjörlega rafrænt eins og margir aðrir aðalfundir félagasamtaka á þessum tímum. Eins og lenskan er núna slógum við á þráðinn til Ásdísar og fengum að heyra sögu hennar.

„Ég er þriggja barna móðir, fædd og uppalin í Reykjavík. Ég fór í gegnum barnaskóla og menntaskóla án nokkurra vandræða. Ég tók mitt bílpróf og átti minn bíl. Ég var virk í björgunarsveit á þessum tíma, Fiskakletti í Hafnarfirði, en fór svo að taka eftir því á menntaskólaárunum þegar ég var í leit með björgunarsveitinni í Hafnarfirði í öllu hrauninu þar að það var mikil vinna að lýsa fyrir framan sig og leita í sprungum og annað. Maður hló nú að þessu og taldi sig bara þurfa að borða meira A-vítamín. Ég tók svo aftur eftir því á interrail-ferðalagi í Evrópu eftir

útskrift í menntaskóla, sem ég fór í með þrem vinkonum mínum, að þegar við vorum að ganga á kvöldin virtist ég sjá töluvert verr en þær, í það minnsta eitthvað verr.

Ég kom svo heim og fór að velta fyrir mér hvað ég ætti að gera í framhaldinu í sambandi við nám. Ég ákvað að prófa sálfræðina en komst svo að því að ég átti ekki alveg heima í því umhverfi. Eina fagið sem ég skildi eitthvað í var lífeðlisleg sálarfræði. Þar var talað tungumál sem ég skildi svo ég fór að velta fyrir mér hvort það fag væri það rétta. Ég tók



KRÓKUR

áhugasviðspróf í háskólanum og komst að því að sálfræðin var ekkert sérstaklega há hjá mér. Bæði sjúkraþjálfun og eitthvað í sambandi við heilbrigði kom mjög sterkt inn. Þá höfðu nokkrar vinkonur mínar prufað sjúkraþjálfun svo ég byrjaði að skoða námsefnið þeirra og fannst það mjög áhugavert og væri meira mitt áhugasvið.

Ég hætti þá í sálfræðinni og hóf nám í sjúkraþjálfun haustið eftir. Á þeim tíma byrjuðu margir í náminu og svo fengu efstu 20 í prófi sem var tekið eftir fyrstu önnina að halda áfram.

Í október/nóvember á þessum tíma var ég byrjuð að ganga mikið á hundinn minn sem var samlitur mottum heima hjá mér. Einnig átti ég í vandræðum með hurðirnar sem voru dökkar þannig að ég fór til augnlækis. Ég var skoðuð og eftir að hlusta á lýsingar um ljósglampann og annað var ég send í ERG-mælingu til að sjá hvernig rafboðin voru í augnbotnunum hjá mér. Vegna þess að það sáust breytingar á þeim í því prófi kom í ljós að boðin gengu ekki eins og þau ættu að gera. Út frá því var talið að þetta væri RP. Ég var send út til Boston til

að fá úrskurð um það hvort ég væri með RP eða eitthvað annað. Prófið þar leiddi í ljós að ferlið var á frumstigi en þetta var samt sem áður RP.

Ákvörðun að lífið væri ekki tómt svartnætti

Ég tók strax þá ákvörðun að ég ætlaði ekki að líta eitthvað svart á lífið eða þá að gefast upp á hlutunum þannig að ég hélt áfram. Ég komst að vísu ekki inn í fyrstu tilraun í sjúkraþjálfunarprófinu en það vantaði ekki mikið upp á svo ég ákvað strax að reyna aftur að ári. Í því prófi var ég þriðja inn.

Árið 1998 útskrifaðist ég svo sem sjúkraþjálfari frá Háskóla Íslands.

Þá var kominn ferðahugur í okkur kærastann minn, núna eiginmann. Við vildum geta notið náttúrunnar og farið á skíði svo við völdum að fara til Noregs í lítinn bæ sem heitir Geilo. Hann er mikill skíðabær sem liggur í 800 metra hæð yfir sjávarmáli.



Tárin sem endast

VISMED® myndar náttúrulega tárafilmu á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu

VISMED® inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolía náttúrunnar og finnst víða í mannlíkamanum

VISMED® inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi



DROPAR

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.



GEL

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

Vantar smurolíu í augun?



Það er ekki hlaupið að því að hefja störf sem sjúkrabjálfi í Noregi. Þar er kvótakerfi sem þýðir að ákveðinn fjöldi sjúkrabjálfa vinnur í hverju sveitarfélagi. Á endanum komst ég þó að.

Á svipuðum tíma ákváðum við að byggja okkur hús í Geilo. Ég var þá komin inn í kerfið í Noregi og búin að kynna mér hvað mér stæði til boða varðandi hjálpartæki og þá aðstoð sem ég ætti rétt á. Þegar ég nefndi að við værum að byggja hús var mér sagt að ég ætti að láta vita þegar það væri búíð að loka húninu því að þá gætu ráðgjafar komið og ráðlagt varðandi litasamsetningar og lýsingu í því. Þegar húsinu var lokað komu þrír ráðgjafar sem gáfu okkur hugmyndir varðandi litaval og lýsingu. Hurðirnar mættu t.d. ekki vera of samlitar veggjunum. Tröppurnar upp í ris ættu að vera með dekkri við framan á nefinu svo það sæist munur á þeim og þrepunum.

Lýsingin er síðan sérstakur kafli. Þá var aðallega rætt um innfelld ljós í loftið sem lýsa niður og svo veggklampa sem lýsa vegginn og loftið og gefa þannig óbeina birtu. Með því að prófa og í samtali við ráðgjafa komst ég að því að innfelldu ljósin hentuðu mér betur. Óbeina birtan frá veggklösumum pirraði mig. Við þessa óbeinu birtu týndi ég frekar hlutunum þar sem ég missti alla kontrasta en með innfelldu ljósum sem lýsa niður sé ég hluti betur. Við notuðumst við GIRA-kerfið og enduðum á því að setja 150 innfelld ljós í húsið. Þar sem ljós eru skilgreind sem hjálpartæki borgar tryggingastofnunin í Noregi fyrir kerfið.

Þar sem dagsbirta er vandamál er skermun á gluggum einnig flokkuð sem hjálpartæki.

Á Íslandi er hvorugt flokkað þannig. Það vantar í raun allt til að aðlagja heimahús að þörfum sjónskertra inn í sjúkratryggingakerfið.

21 mánuður milli þriggja stráka

Í október 2006 fæddist fyrsti drengurinn, Tómas Örn, og tvíburarnir, Haukur og Valur, fæddust í ágúst 2008 en þeir voru settir í byrjun október. Þar sem ég gekk með tvíbura og er sjónskert bauðst mér NPA-þjónusta og þar sem að meðgangan gekk brösulega var ég með aðstoð í sjö og hálfan tíma á dag. Tvíburarnir fæddust átta vikum fyrir settan tíma og eftir eina viku kom í ljós að Valur var með stóran hjartagalla.

Vegna þess og að þeir voru fyrirburar þurftum við að vera í Drammen fyrstu sex vikurnar. Eftir það vorum við send heim. Það gekk fínt fyrstu dagana en svo lenti Valur í öndunarstoppi og þá kom sér vel að hafa verið í björgunarsveit því að ég gat blásið lífi í hann. Við þurftum að fara með sjúkrabíl, vegna þess að það var ekki flugveður, aftur til Drammen.

Þá upphófst mikið ferli þar sem ég var á stöðugu ferðalagi með drengina út af Val vegna þess að hann var alltaf að missa niður súrefnismettunina. Fyrstu sjö mánuðirnir voru töluverð vinna. Hann fór í stóra aðgerð þriggja mánaða vegna hjartagallans. Eftir aðgerðina þyngdist hann ekkert.

Læknirinn taldi á endanum að hann væri með bakflæði og væri að æla mjólkinni niður í lungun. Þá prófuðum við sérstaka mjólkurblöndu, sem er þykkari og fer því ekki eins auðveldlega upp, og settum hann á bakflæðislyf. Eftir það fór hann að braggast.

Það munaði mikið um að hafa NPA-aðstoðina á meðan á þessu öllu stóð og fyrsta árið á eftir. Eftir að strákarnir urðu eldri minnkaði þörfin fyrri svona mikla NPA-aðstoð og að lokum sagði ég henni upp. Í staðinn fór ég að nota leigubílaþjónustuna í Noregi.

TT-kort

Með leigubílakortum sem heita TT hefur maður ákveðna upphæð á ári í Noregi sem maður getur nýtt í leigubíla, hvenær sólarhringsins sem er. Sveitarfélögin ákveða þann hluta sem notandinn borgar. Hjá mér voru það sirka 400 krónur fyrir hverja ferð. Munurinn á kortinu hér og þar er að ég get notað TT-kortið hvar sem er í Noregi.

Vinnan og ungir drengir

Það varð tvíeggja sverð að vera sjálfstætt starfandi sjúkrabjálfi með drengina svona litla. Það jákvæða var að þá gat ég stjórnað tíma mínum sjálf en að sama skapi þyrfti ég að hugsa um bæði rekstur fyrirtækisins og sjúklinga.

Hugsað til hreyfings

